

LEYFISKERFI KSÍ**TÆKJAKASSI: TDO 01.2.4****Ferli yfirlýsinga um hlutleysi og trúnað****LEYFISFERLI****ÁBYRGÐARAÐILI** Leyfisstjóri**VERKEFNI** Ferli yfirlýsinga um hlutleysi og trúnað**YFIRLIT
VERKEFNIS**

Þeir aðilar sem taka þátt í leyfisferlinu þurfa að undirrita yfirlýsingu um hlutleysi og trúnað þar sem viðkomandi munu hafa aðgang að og sjá gögn frá leyfisumsækjendum sem kunna að þykja viðkvæm.

UMFANG

Allir sem koma að leyfisferlinu fyrir hönd KSÍ: Starfsfólk, meðlimir leyfisráðs, meðlimir leyfisdóms og sérfræðingar.

STIG	LÝSING	ÁBYRGÐ
1	LS útbýr lista með nöfnum allra aðila sem taka þátt í leyfisferlinu og þurfa að undirrita yfirlýsingu um hlutleysi og trúnað.	LS
2	LS útbýr yfirlýsingar fyrir hvern og einn aðila og kemur þeim til viðkomandi eftir þeim leiðum sem best henta hverju sinni.	LS
3	LS tekur við yfirlýsingum og kannar hvort þær séu rétt fylltar út. Hafi hann einhverjar athugasemdir skal hann strax hafa samband við viðkomandi og gera nauðsynlegar ráðstafanir.	LS
4	LS vistar yfirlýsingar á öruggum stað meðal annarra skjala tengdum leyfisstjórn.	LS
5	LS fer árlega yfir yfirlýsingar aðila sem tengjast leyfisferlinu til að kanna lögmæti þeirra.	
6	Á hverjum fundi leyfisráðs/leyfisdóms skal formaður fara yfir hlutleysi fundarmanna. Ef möguleiki er á hagsmunaárekstri skal hlutaðeigandi víkja úr sæti meðan málefni viðkomandi leyfisumsækjenda eru tekin fyrir.	Formenn leyfisráðs og leyfisdóms